

1872.

15. apríl.

fulltrúa Klentz's á lóð þá, sem ætluð er til hegningarhússins, — en af henni fylgir uppdráttur og er tiltekið á honum, hvar byggingin skuli vera —, og sjáið um að grjóti það, sem þér hafið útvegað með samningum til þessa, verði fengið tæðum fulltrúa svo fljótt sem verður.

46. Tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

20. apríl.

(á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vörs trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í hana skulu kosnir bæjarfulltrúar, og er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar.

2. grein.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfirhöfuð er á hendi oddvitans.

3. grein.

Með samþykkt má ákveða, að hinum sèrstöku bæjarmálefnum sè beinlínis stjórnað af föstum nefndum, og skal í samþykktinni tiltekið nákvæmar, hverir skuli vera í þeim, og um vald þeirra. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sèrstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem til skulu teknar í samþykktinni.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sèr þau sèrstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

4. grein.

Í samþykktinni skal kveðið á um, hve margir hinir kjörnu bæjarfulltrúar skuli vera; skal tala þeirra ætíð standa á stöku, og mega þeir ekki vera færri en 7, og ekki fleiri en 13.

1872.

20. apríl.

5. grein.

Með tilliti til kosninga skal bæjarfulltrúum skipt í tvo hluti, og skal annar þeirra vera einum fjölmennari en hinn. Meiri hlutinn skal kosinn af öllum þeim kaupstaðarbúum, sem kosningarrétt hafa til alþingis, ef þeir hafa verið búsettir í kaupstaðnum næsta ár frá nýjári til nýjárs á undan kosningunni, og greiðt í beinlínis bæjargjöld í minnsta lagi 4 rd. Minni hluti bæjarfulltrúa skal kosinn af $\frac{1}{5}$ hluta allra þeirra áður töldu bæjarbúa, er kosningarrétt hafa, og mest hafa greiðt í bæjargjöld hið síðasta ár frá nýjári til nýjárs, ef þessi $\frac{1}{5}$ hluti hefir galdið minnst $\frac{2}{3}$ hluta allra gjaldanna. Ná fimmtungurinn ekki þessari upphæð, skal svo mörgum við bætt af þeim, sem mest greiða, úr hinum $\frac{4}{5}$ þörtunum, að þessari gjaldaupphæð verði náð. Hafi fleiri greiðt jafnmikil gjöld á því ári, og það verður nauðsynlegt, að nokkur þeirra gangi til kosningar, til þess að ná hinum fyr nefnda fimmtung af kjósendum, eða $\frac{2}{3}$ þörtunum af gjaldaupphæðinni, skulu þeir allir ganga til kosningar.

Kjörgengur er hver, er kosningarrétt hefir til meiri hluta bæjarfulltrúa.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í bæjarstjórninni í senn.

6. grein.

Almennar kosningar skulu fara fram einhvern hinn fyrsta dag eptir nýjár, og gildir kosningin í sex ár. Þriðja hvert ár skal á vixl kosinn meiri eða minni hluti bæjarfulltrúa. Þeir, sem nú eru í bæjarnefndinni, skulu ganga inn í bæjarstjórnina, og fara fyrst frá, er sá tími er liðinn, sem þeir voru kosnir fyrir.

Nú gengur úr bæjarstjórn maður innan þeirra 6 ára, sem hann er kosinn fyrir, og skal þá kosning þess, sem í hans stað er kosinn, að eins gilda fyrir þann tíma, sem eptir er af hinum sex árum.

7. grein.

Kosningum stýrir kjörstjórn, og eru í henni oddviti bæjarstjórnarinnar og tveir af bæjarfulltrúum, kosnir af og úr bæjarstjórninni. Svo skal kosningu undir búa, að kjörstjórnin semur kjörskrá yfir kjósendur, og skal þá farið eptir skattgjaldaskrá

1872.
20. apríl.

bæjarins frá næsta ári áður en kosning fer fram. Kjörskráin skal vera til sýnis á opinberum stað um 14 daga á undan kjördegi. Kærum um, að nokkur sé oftalinn eða vantallinn á kjörskránni, á, ef þær eiga að verða teknar til greina, að leggja fyrir kjörstjórnina, að minnsta kosti þremur dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti rannsakað málið og lagt úrskurð sinn á það, áður kosning fer fram.

8. grein.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða dag, stað og stundu, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti átta dögum á undan, og á þann hátt, sem almennur er í kaupstaðnum um opinberar auglýsingar. Skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá kjósendur allir, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni eða á opnum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greidd atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin biðja hálfa stundu, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi enn komnir, með þessu móti fái tækifæri til að neyta kosningarréttar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórnarnir rita þau upp og telja saman; þar eftir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

Þá er í sama mund skal kjósa bæjarfulltrúa úr flokki allra kjósanda og úr flokki þeirra, er mest gjalda, skulu hinar almennu kosningar fram fara fyrst, og þar á eftir skal kjósa hinn hlutann í fyrsta lagi á fjórða degi og í seinasta lagi innan átta daga.

9. grein.

Sérhver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sé sextugur að aldri, eða hann vegna heilsu-
brests, anna eða annars því um líks hefir sennilega ástæðu til þess, að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sér ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem í minnst þrjú ár í samfellu hefir

1872.
20. apríl.

verið bæjarfulltrúi, er eigi skyldur að taka á móti kosningu, fyr en að jafnlangur tími er liðinn, og hann hefir áður verið bæjarfulltrúi.

Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga, eptir að kosninginn hefir farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan 14 daga frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Úrskurði bæjarstjórnarinnar má innan 14 daga frá því, hann er upp kveðinn, áfrylja til landshöfðingjans. Þegar almennar kosningar (þriðja hvert ár) hafa átt sér stað, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er úrskurður bæjarstjórnarinnar á fyrnefndan hátt er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

Sè undanfærsla undan kosningu tekin til greina, eða kosning er ónýtt, skal ný kosning fara fram sem fyrst, og skal til þess nota hinar síðast lagfærðu kjörskrár.

10. grein.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort beiðni hans skuli taka til greina. Bæjarstjórnin ákveður ennfreður, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færir undan að gjöra það, hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kærur sína undir landshöfðingja, sem leggur endilegan úrskurð á málið. Þegar einhver fulltrúi fer úr bæjarstjórn, skal kosið að nýju, nema allir þeir, sem eptir eru, fallist á í einu hljóði, að því megi fresta til hinna næstu almennu kosninga. Fari tveir eða fleiri úr bæjarstjórn misreitis, skal, svo fljótt sem verða má, skilmálalaust kosið að nýju í stað þeirra, er frá hafa farið, eptir endurskoðaðri kjörskrá.

1872.

20. apríl.

11. grein.

Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum, og sèr um, að það, sem ályktað er, verði rétt ritað í gjörðabókina.

Til þess lögmat ákvörðun sè gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sè jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn bera til, eða minnst helmingur bæjarstjórnarinnar æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. Að öðru leyti ákvarðar bæjarstjórnin sjálf þingskóp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. grein.

Virðist bæjarfógeta, að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sè gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann þá úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu þeirri, er bæjarfógeti sendir til landshöfðingja, skal ávallt jafnframt senda bæjarstjórninni.

13. grein.

Fátækranefnd sú, sem stofnuð er samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, skal upphafin, og skulu störf hennar falin bæjarstjórninni á hendur. Í samþykkt bæjarstjórnarinnar skulu tilteknar nákvæmari reglur um stjórn fátækramálefna, og má þar í einnig ákveða, að hin sérstaklega umsjón með fátækum og fátækra stofnunum skuli falin á hendur fátækra stjórum, sem ekki

1872.

20. apríl.

eru í bæjarstjórninni, og eru þeir skyldir að takast þenna starfa á hendur kauplaust.

Sóknarpresturinn skal taka þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og kennslu fátækra barna, og hafa atkvæði í þeim. Fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eigi þessum börnum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun, sem gjörð hefir verið, til landshöfðingja.

14. grein.

Stjórn á tekjum og gjöldum skóla skal bæjarstjórnin hafa á hendi, og yfirhöfuð alla umsjón um skólasjóði og reikninga. Til þess að hafa umsjón með skólakennslunni og embættisverkum kennara skólans, skal sett skólanefnd, og eru í henni sóknarpresturinn og minnst tveir menn aðrir, sem bæjarstjórnin kys til þess, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr flokki bæjarfulltrúa. Kosningin gildir fyrir þrjú ár, og eru hlutaðeigendur skyldir að takast starfa þenna á hendur launalaust. Nefnd þessi velur sjálf formann sinn. Skólakennara kaupstaðarins má eigi kjósa í skólanefndina.

15. grein.

Bæjarstjórnin skal kjósa tvo menn, annan úr sínum flokki, til hafnarnefndarinnar.

16. grein.

Bæjarstjórnin kys tvo menn úr sínum flokki til að taka sæti í byggingarnefndinni samkvæmt opnu bræfi 29. maí 1839, 1. grein, og skal hun einnig kjósa hina tvo aðra bæjarbúa, sem í nefndinni eiga að vera.

Ennfremur kys bæjarstjórnin einn mann úr sínum flokki í heilbrigðisnefndina.

17. grein.

Bæjarstjórnin setur embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir uppástungu lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

18. grein.

Innan 1. dags októbermán. ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár, samkvæmt

1872.

20. april.

fyrirmynd þeirri, er landshöfðingi hefir samþykkt. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með 8 daga millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein, og greiða atkvæði um hverja grein útaf fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að aðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. grein. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dag nóvbrmán., og skal hún vera öllum til sýnis um 14 daga.

Komi síðar til útgjalda, sem eigi eru á áætlun, eða verða eigi greidd af þeirri upphæð, sem tiltekin er í áætluninni í útgjaldagrein þeirri, sem við á, og gjald þetta er ekki beinlínis lagt á með lögum, eða ef upphæðin í áætluninni auðsjáanlega einungis hefir verið sett uppá óvissu, má bæjarstjórnin því að eins gjöra ályktun því viðvíkjandi, að hún hafi haft málið til íhugunar átta dögum fyrir þann fund, er ályktun er gjörð. Sè eigi efni fyrir höndum, til að standa straum af því, sem útgjöldin hafa aukizt, ákvarðar bæjarstjórnin, hvort það, er á vantar, skuli útvega með láni, eða með því að hækka að því skapi skatta þá, sem búið er að jafna niður. Samþykkis landshöfðingja til þessa skal því að eins við þurfa, ef farið verður út fyrir takmörk þau á valdi bæjarstjórnarinnar, sem sett eru í 19. grein, með því að taka nýtt lán eða heimta stærri skatta.

Reikningsár kaupstaðarins er frá nýjári til nýjárs, einsog hingað til hefir verið.

19. grein.

Án samþykkis landshöfðingja má bæjarstjórnin eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld á tilsamans, en sem nemur meðaltali af öllum bæjargjöldum fyrir hin síðustu þrjú ár, að fimmtungi viðbættum, og þegar seinna á að reikna meðalgjaldið fyrir hin þrjú síðustu ár, má ekki telja með það skattgjald, sem á einhverju ári hefir með samþykki landshöfðingja verið lagt á framyfir þetta. Bæjarstjórnin má heldur ekki án samþykkis landshöfðingja taka af innstæðufé kaupstaðarins, selja eða veðsetja fasteignir hans eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán, eða lán uppá

1872.

20. apríl.

lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nè heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. Sömuleiðis útheimtist samþykki landshöfðingja til þess, að kaupstaðurinn geti gengið í samfélag við aðrar sveitir um þinghús, fangelsi, sjúkrahús og aðrar þessháttar stofnanir. Eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar getur landshöfðingi samþykkt breytingar á reglum þeim, sem farið er eptir, þegar jafnað er niður útgjöldum í þarfir bæjarins, ef þau verða ekki borguð með öðrum tekjum.

20. grein.

Niðurföfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástandi; tala nefndarmanna skal ákveðin í samþykktinni; skal standa á stöku, og mega nefndarmenn eigi vera færri en fimm, nè fleiri en níu. Með tilliti til kosningar skal nefndarmönnum skipt í tvo hluti, annan stærri, og annan minni; meiri hlutann kjósa allir bæjarbúar, er kosningarrétt hafa samkvæmt 5. gr., minni hlutann þeir, er greiða mest í skatt. Niðurföfnunarnefndin skal kosin í ágústmánuði. Að því er snertir rétt til þess að verða kosinn, og um það, hvernig haga skuli kosningum, og fl., gilda hinar sömu reglur, og um kosning bæjarfulltrúa. Nefndarmenn þessir skulu gegna starfa sínum í sex ár, og fer minni hlutinn fyrst frá, og þar á eptir til skiptis. Um ályktanir niðurföfnunarnefndarinnar og atkvæðagreiðslu hennar skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 11. grein, og kys nefndin sér sjálf oddvita úr sínum flokki.

21. grein.

Að þeim undanteknum, sem eru í bæjarstjórninni, getur enginn, sem er skyldur að taka á móti kosningu í hana, skorazt undan að taka á móti kosningu í niðurföfnunarnefndina, nema hann að minnsta kosti í þrjú ár samfleytt hafi haft þetta starf á hendi. Skal hann þá undanþeginn starfa þessum í jafnlangan tíma, og hann hefir verið við.

22. grein.

Niðurföfnun eptir efnum og ástandi nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft

1872.

20. apríl.

fast aðsetur annarsstaðar; sè svo, þá má eigi leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafi haft aðsetur í kaupstaðnum. Ef einhver hefir haft fast aðsetur í bænum skemmri tíma, en fjóra mánuði, þá kemur það ekki til greina.

Landshöfðinginn skal úr því skera, hvort erlendir menn, sem ekki stunda neina þorgaralega atvinnu, en hafa aðsetur í kaupstaðnum, sè gjaldskyldir.

23. grein.

Niðurföfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvbrmánuði. Niðurföfnunarskráin skal, þegar búið er að bæta við hana annari skrá yfir það, sem hver gjaldandi að öðru leyti skal greiða í skatt til bæjarins, liggja öllum til sýnis í 14 daga fyrir árs lok annaðhvort í bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurföfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímán. hvert ár, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurföfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 22. grein. Þessi aukaniðurföfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, einsog sagt er að framan.

Kæfur gegn hinni framlögðu niðurföfnun skulu innan 14 daga frá því niðurföfnunarskráin hefir verið til sýnis sendar skriflega niðurföfnunarnefndinni. Innan 14 daga þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort nokkur, og þá hver breyting orðið geti á niðurföfnuninni. Ályktan þá, sem niðurföfnunarnefndin hefir gjört, má svo innan 14 daga þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfis mánaðar. Mótmæli, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi tekin til greina.

Sérhverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á hann sjálfan, heldur einnig á aðra, sem á niðurföfnunarskránni standa, einsog líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sè sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á, að segja álit sitt þar

1872.
20. apríl.

um, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefir verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komið hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgildið er, greiða aptur úr bæjarsjóði.

24. grein.

Ef ágreiningur verður milli Reykjavíkur og annars íslenzks sveitarfélags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli sveitarfélags í Danmörku og á Íslandi, skal hlutaðeigandi stjórnarráð leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

25. grein.

Bæjargjöld skal heimta á hverju missiri, eða hálfu missiri, í þeim mánuði á hverju missiri eða hálfu missiri, sem bæjarstjórnin ákveður í samþykkt sinni; sè gjöld eigi greidd fyrir lok næsta mánaðar þar á eftir, skal gengið að þeim með lögtaki eftir löglegan undirbúning.

Skattskyldur maður, sem ekki hefir fast aðsetur í kaupstaðnum, á að tilnefna fyrir bæjarstjórninni mann, búsettan þar, sem greiði gjöld hans.

Flyti skattskyldur maður sig úr bænum innan nýjárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess fjórðungs árs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímán.

26. grein.

1872.

26. febrúar.

Bæjarstjórnin og sérstaklega bæjarfógeti skulu hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sé rétt heimtar og í tækan tíma, og teknar lög-taki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sé og eptir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum kaupstaðarins.

27. grein.

Fyrir opinber undirboðsþing, sem bærinn lætur halda á vega-vinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þesskonar, skal ekki goldið neitt.

28. grein.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tæ skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólktal, skepnu-hald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. grein.

Ársreikning kaupstaðarins ber að semja, sem frekast unnt er, samkvæmt fyrirmynd þeirri, sem sett er fyrir áætluninni, og skal gjöra reikning þenna innan loka febrúarmánaðar á því reikn-ingsári, sem í hönd fer. Skal reikning þenna síðan leggja fram til sýnis í 14 daga á þingstofu bæjarins, eða öðrum hentugum opinberum stað. Þar á eptir skulu tveir endurskoðunarmenn yfir-líta vandlega reikninginn ásamt fylgiskjölum. Menn þessa skal venjulega kjósa fyrir sex ár af öllum staðarbúum, sem kosningarrétt hafa, og á þann hátt, sem fyrir skipað er um kosningar bæjar-fulltrúa. Bæjarstjórnin er skyld að láta endurskoðurum í tæ allar þær skýrslur, er við þurfa, til þess að geta dæmt um tekju- og útgjaldagreindir reikningsins. Eptir að reikningshaldara hefir verið skýrt frá athugasemdum endurskoðunarmannanna, svo hann geti svarað og gjört grein fyrir þeim, skal bæjarstjórnin leggja úrskurð sinn á athugasemdir þær, er gjörðar hafa verið, og veita hlutað-eiganda kvittan; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athuga-semd, sem snertir þær framkvæmdir, er hann hefir tekið þátt í

1872.

20. apríl.

sem kvaddur í fasta nefnd eða fyrir þá sök, að honum hefir sérstaklega verið falið eitthvert starf á hendur í þarfir bæjarins. Vili reikningshaldari eða aðrir, er hlut eiga að máli, ekki viðurkenna, að úrskurður sá, sem fallinn er, sé réttur, má hann, ef úrskurðurinn leggur honum á herðar peninga ábyrgð, heimta, að málið gangi til dóms og laga.

Aðalreikning kaupstaðarins skal, eptir að hann er úrskurðaður, auglýsa á prenti innan tveggja mánaða.

30. grein.

Innan 30. septembermán. ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurðum á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmet útgjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. grein.

Bæjarstjórnin, sem nú er, skal samþykkja frumvarp til samþykktar þeirrar fyrir kaupstaðinn, er getið er um hér að framan í 3., 4., 13., 20. og 25. gr., og skal senda hana landshöfðingja til staðfestingar.

Auk þess, sem fyrir er mælt í nefndum greinum, skal í samþykktinni sagt fyrir um tölu embættis- og sýslunarmanna bæjarins, veiting embættanna og lausn frá þeim, laun og störf embættismanna, og skal samþykktin ennfreður hafa inni að halda nákvæmari reglur um, hvernig semja eigi hina árlegu áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins, um tilhögun á fjárfstjórn og reikningum kaupstaðarins, og um endurskoðun og úrskurð reikningsins. Ennfremur má í tæðri samþykkt setja nákvæmari reglur um niðurföfnunina eptir efnun og ástandi, og yfirhöfuð um sérhvert atriði í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt að tilhaga nákvæmar samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipun þessi hefir inni að halda.

Samþykktina ber að auglýsa á prenti, eptir að landshöfðingi hefir staðfest hana. Henni má síðar breyta, og sömuleiðis auka hana eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar, sem landshöfðingi hefir samþykkt.

1872.

20. apríl.

32. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir nákvæmari ráðstöfun til að koma þessari tilskipun í verk, svo hún geti öðlazzt fullt gildi 1. dag janúarm. 1873.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiptamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu¹.

Til alþingis 1869 kom bænarskrá frá Reykjavíkurbúum um ýmsar breytingar á reglugjörð 27. nóvbr. 1846 um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík; eptir að þingið hafði vísað bænarskrá þessari til stiptamtmanns, leitaði hann álits bæjarstjórnarinnar um hana. Bæjarstjórninni þótti vera ástæða til, að bæjarmálefnum kaupstaðarins yrði að öllu leyti komið öðruvísi fyrir og samdi frumvarp til tilskipunar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, sem í öllu verulegu var samhljóða lögum 26. maí 1868, um stjórn bæjarmálefna í kaupstöðunum í Danmörku. Stiptamtmaður sendi síðan stjórninni frumvarp þetta, og lagði til að frumvarp yrði lagt fyrir alþingi til tilskipunar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, sem væri sniðið eptir því, sem uppástunga bæjarstjórnarinnar færi fram á. Þareð stjórnarráðinu þótti ástæða til að verða við ósk þessari, var frumvarp samið til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík og var í því samkvæmt uppástungu bæjarstjórnarinnar farið eptir lögum 26. maí 1868; frumvarp þetta var svo lagt fyrir alþingi 1871, sem ræddi það á lögskipaðan hátt, og lét uppi álit sitt um það eins og hér skal sagt.

¹) Tiðindi frá alþingi 1871, I., 7, 8—9, 14, 617—626, 696—703 og 905; II., 69—80, 360—375, 402—408 og 587—607.

1872.

20. apríl.

Þingið áleit, að ákvarðanir frumvarpsins í flestum greinum ætti vel við og stakk að eins, auk ýmissa orðabreytinga, upp á þeim efnisbreytingum, sem hér skal greina frá.

1. Þar sem svo væri ákveðið í 3. grein, að bæjarstjórnin gæti falið öðrum bæjarbúum, sem eigi hefði sæti í henni, að framkvæma ýms bæjarstörf, þá virtist þinginu réttast að fella þessa ákvörðun burtu, því bæði þótti það óeðlilegt, að bæjarfulltrúar gæti falið öðrum mönnum á hendur framkvæmd þeirra starfa, sem bæjarbúar hefði kosið þá til að framkvæma, enda virtist það óþarft, því eptir því, sem fyrir væri mælt í 4. grein, mundi bæjarstjórnin aldrei skipuð færri mönnum en níu auk bæjarfógetans, og væri þeim því alls engin ofætlun að skipta svo með sér verkum, að eigi yrði ofhlaðið á neinn einstakan bæjarfulltrúa; ef farið væri að fela öðrum bæjarbúum útí frá sérstök bæjarstörf, gæti það valdið ruglingi og óreglu í stjórn bæjarmálefna. Við 3. grein frumvarpsins hafði alþing jafnframt gjört nokkrar orðabreytingar.

2. Þar sem í 5. grein væri svo fyrir mælt, að minni hluti bæjarfulltrúa skyldi kosinn af öllum kosningarbærum bæjarbúum, en meiri hlutinn af fimmta hluta þeirra, sem kosningarrétt hafa og mest hafa greidd í bæjargjöld hið síðasta árið, þá gat þingið ekki fallið á ákvörðun þessa; því þinginu þótti það óviðkunnalegt og óeðlilegt, að nokkur hluti kosningarbærra bæjarbúa skyldi kjósa meiri hlutann, en allir skyldi þeir í sameiningu kjósa að eins minni hlutann, enda þótt þeir gildi meiri hluta bæjargjaldanna. Ef þessi fimmtungur, sem hér væri um að ræða, ætti engan þátt að taka í hinum almennu kosningum, þá væri það öðru máli að gegna. En eptir frumvarpinu mundi hann ráða allt of miklu um kosningarnar, því eptir því, sem til hagaði í Reykjavík, mundi hann ávallt hafa mikil áhrif á, hverir fyrir kosningum yrði, þegar um hinar almennu kosningar væri að ræða, og þá virtist nægilegt, að hann einn ræði kosningu minni hluta fulltrúanna, enda væri sú ákvörðun samkvæmt lögum 26. maím. 1868; þingið lagði því til, að fyrir „minni hlutinn“ og „minni hluta“ væri sett „meiri hlutinn“ og „meiri hluta“ og fyrir „meiri hluti“ kæmi „minni hluti“.

1872.

20. apríl.

3. Önnur ákvörðun 5. greinar virtist þinginu og óhagkvæm, og væri það sú, að kosningarrétturinn væri bundinn við 6 rd. bæjargjald. Þingið varð reyndar að fallast á þá skoðun, að það væri óhæfilegt, að gjöra mun á skilyrðunum fyrir kosningarréttinum til bæjarstjórnarinnar eftir ólíkri stöðu kjósenda. Á hinn bóginn sá þingið enga ástæðu til, að gjöra skilyrðin fyrir kosningarrétti þessum þrengri en fyrir kosningarrétti til alþingis: enda hefði kosningarréttur tómt húsmanna verið hingað til bundinn við 2 rd. gjald, eftir reglugjörð 27. nóvbr. 1846; eftir skýrslum, sem fengið hafa fyrir nokkur hin síðustu ár, hefði þeir, sem greiddu undir 4 rd., ávallt verið meir en þriðjungur allra gjaldenda, og virtist þá full trygging fengin fyrir því, að svo miklu leyti, sem gjöldin gæfi trygging í því efni, að þeir, sem ekki væri taldir hæfir að neyta kosningarréttar, eigi gæti komið að.

4. Þar sem í 2. kafla 8. greinar væri svo kveðið á, að eigi skyldi atkvæðagreiðslu lokið, fyr en einni stundu frá því kosningin byrjaði, þá virtist þinginu þessi tími heldur stuttur; en þinginu þótti nauðsynlegt, að sem flestum gæfist kostur á, að neyta kosningarréttar síns, og af þeim sökum ætti kjörstjórnin að biða svo sem hálfa stund, eftir að þeir hefði greiðt atkvæði, sem við væri staddir, ef fleiri kynni að koma síðar; og óskaði þingið því að greinin yrði orðuð þannig:

„Þegar þeir hafa greiðt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin biða hálfa stundu áður en hún slítur kosningarfundinum, svo að þeir, sem þá eru eigi enn komnir, geti nýtt kosningarréttar síns, ef þeir koma innan tæðrar hálfrar stundar” o.s.frv.

5. Í sömu grein óskaði þingið, að orðunum í enda greinarinnar „en ekki fyr en að átta daga fresti” yrði breytt í: „að minnsta kosti innan fjöggra daga”, því það þótti réttara, að sem skemmstur tími liði milli kosninganna, og að þær færi fram sem fyrst eftir nýj-árið, en fjórir dagar virtist nægur tími til undirbúnings hinna síðari kosninga.

6. Samkvæmt þeim ástæðum, sem taldar væri við 3. grein, beiddist þingið, að ákvörðun sú yrði felld úr 13. grein, að mönn-

1872.
20. apríl.

um, sem eigi ætti sæti í bæjarstjórninni, mætti fela umsjón með fátækum og fátækra stofnunum.

7. Samkvæmt því, sem þegar væri tekið fram við 3. og 13. grein, vildi þingið, að þeir tveir menn, sem sæti í skólaneftinni með sóknarprestinum, skyldi vera úr flokki bæjarfulltrúanna, og þeir mætti alls ekki fela það öðrum bæjarbúum á hendur.

8. Í samhljóðun við breytingar þær, sem þingið ræð til við 3., 13. og 14. grein, samþykkti þingið, að orðið „annan“ væri felld burtu, og sem sjálfsagt samkvæmt því einnig orðin: „samkvæmt reglugjörð 15. maí 1856“.

9. Þingið gat ekki aðhyllzt þá ákvörðun í 17. grein, að bæjarfógeti gæti veitt lögregluþjónum, næturvörðum og fangavörðum lausn uppá sitt eindæmi; fannst þinginu, að bæjarfógeta væri veitt of mikið vald með þessu, og vildi þessvegna breyta orðunum: „en hann getur“ og setja í staðinn: „enda getur hann eigi.“

10. Þinginu fannst það vera of stuttur tími, er áætlunin ætti að liggja bæjarbúum til sýnis samkvæmt 18. grein, og stakk því uppá, að „í eina viku“ yrði breytt í „um 14 daga“.

11. Í 20. grein varð þingið að óska þeirrar breytingar í samhljóðun við 5. grein, að allir bæjarbúar, sem kosningarrétt hefði, skyldi kjósa meiri hluta niðurgjöfnunarnefndarinnar, en minni hlutann að eins þeir, sem mest greiddi í skatt.

12. Sökum þess að þinginu fannst nokkuð óljóst til orða tekið í byrjun 22. greinar, þar sem svo segði fyrir, að niðurgjöfnunin skyldi ná til allra, „sem eru búfastir í bænnum“, vildi þingið fá þessum orðum breytt þannig, að fyrir þau kæmi: „sem eiga með sig sjálfir, og eru búandi í bænnum, eða hafa einhver bæjarmanna réttindi“; þingið varð að telja víst, að eigi væri til ætlað, að jafnað yrði bæjargjöldum niður á aðra bæjarbúa, en þá, sem ætti með sig sjálfir, en á hinn bóginn varð þingið að ætla, að jafna mætti gjöldum á þá, sem nyti einhverra réttinda í bænnum, þótt eigi væri þeir búsettir þar, en hvorugt þetta virtist þinginu ljóst eftir orðum frumvarpsins.

13. Þingið gat ekki felld við þá ákvörðun í sömu grein, að hver sá, sem ekki hefði dvalið fjóra mánuði í bænnum, skyldi vera

laus við öll bæjargjöld; þinginu virtist vera eðlilegra, að miðað væri við hálf t. missiri.

1872.
20. apríl.

14. Þinginu virtist með öllu nauðsynlegt, að það væri með berum orðum tekið fram, hversu lengi bæjarstjórnin mætti lengst halda kærnum manna yfir niðurfjöfnuninni hjá sér, áður en hún legði úrskurð sinn á málið, og þótti 14 daga frestur hæfilegur í því efni, og stakk því þingið uppá, að í 23. grein yrði bætt inn í „innan hálf mánaðar“ á eftir „úrskurð sinn á málið“.

15. Þingið vildi og, að í sömu grein yrði sleppt úr: „ekki að eins“ og „heldur einnig — eða bæjarstjórninni“, því það gæti valdið miklum og óþörfum deilum og tímatöf, að gjaldþegnum væri með berum orðum heimilað, að kvarta yfir gjöldum þeim, sem jafnað hefði verið á aðra, en sjálfa þá.

16. Þar sem í 24. grein væri svo fyrir mælt, að ef ágreiningur kæmi milli Reykjavíkur og einhvers sveitarfélags í Danmörku, þá skyldi hlutaðeigandi stjórnarráð skera úr þeim ágreiningi, þá gat alþingi ekki betur skilizt, en að slík ákvörðun væri óþörf, og að eins til tímatafar og dráttar á málinu, og varð þingið því að álíta, að landsstjórninni á Íslandi væri réttast falið á hendur, að skera úr þesskonar ágreiningi, eins og öðrum, sem fyrir kynni að koma milli Reykjavíkur og hvers annars sveitarfélags á Íslandi, því að landsstjórnin hefði enga ástæðu til að vera hlutdræg í þessum málum, og stakk því þingið uppá, að fella úr orðið „íslenzks“ og „Verði þessi ágreiningur — úrskurð sinn á málið“.

17. Síðasta ákvörðun 25. greinar: „Sá, sem settur er — frá 1. júlí“ virtist þinginu eigi verða að öllu samrýmd við 22. grein, þar sem svo væri fyrir mælt, að á þann, sem verið hefði 4 mánuði í bænum, mætti gjald leggja til bæjarins, en auðséð væri, að með þessari ákvörðun slyppi allir þeir við gjald til bæjarins, sem flytti inn í bæinn fyrri hluta ársins, enda þótt þeir hefði dvalið þar meir en 4 mánuði, og stakk því þingið uppá, að fella úr þessa ákvörðun.

18. Þingið lagði til, að í staðinn fyrir orðin „á því, að útvega verknað og varning“ í 27. grein, kæmi: „eða hverju öðru, sem vera skal“.

1872.
20. apríl.

19. Þingið áleit að eigi væri ástæða til, að bæjarstjórnin skyldi kjósa sér sérstaklega oddvita, þá er hún skyldi leggja úrskurð á ársreikning kaupstaðarins, heldur gæti bæjarfógeti eins verið oddviti bæjarstjórnarinnar þá, eins og endarnær, og stakk því uppá, að fella úr 29. grein orðin: „sem sérstaklega til þessa er kjörinn“.

20. Í sömu grein vildi þingið að ákveðið yrði, hversu lengi mætti fresta prentun á reikningi kaupstaðarins, þá er hann væri úrskurðaður, því annars mætti draga hana úr hófi, og lagði þingið því til, að bætt yrði við aptan við greinina orðunum: „innan tveggja mánaða“.

21. Þinginu fannst frumvarp þetta vera svo mikil rættarbót, að það taldi æskilegast, að tilskipun þessi næði sem allra fyrst fullu gildi, enda væri ekki ljóst, hversvegna hún ætti að verða að lögum fyrst 1. aprílm. 1872. Þingið stakk því uppá, að sett yrði í 32. grein í staðinn fyrir „1. aprílm.“: „1. dag janúarm.“, er því virtist eðlilegast, að gildi tilskipunarinnar byrjaði með árinu.

Konungsfulltrúi gat þess í álitsskjali sínu um breytingu þá við 3. grein, sem nefnd er í 1. atriði, að þingið hefði ekki gáð að, að bæjarstjórnin að eins hefði rétt til, en væri ekki skyld til, að fela öðrum bæjarbúum, sem eigi hefði sæti í nefndinni, að framkvæma sèrstök bæjarstörf, en með því honum fyndist, að það kæmi uppá sama, hvort væri, þótti honum ekki vera ástæða til að mæla á móti þessari breytingu á frumvarpinu. Konungsfulltrúi mælti jafnframt með breytingum þeim, sem nefndar eru í 2. (við 5 gr.), 3. (við 5. gr.), 4. (við 8. gr.), 5. (við 8. gr.), 7. (við 14. gr.), 8. (við 15. gr.), 10. (við 18. gr.), 11. (við 20. gr.), 13. (við 22. gr.), 14. (við 23. gr.), 19. (við 29. gr.), 20. (við 29. gr.) og 21. atriði (við 32. gr.); um hina síðast nefndu gat hann þess, að reikningsár kaupstaðarins næði frá nýjári til nýjárs, og þó svo yrði ákveðið, að tilskipunin skyldi öðlast fyr gildi, en til ætlað hefði verið í upphafi, mundi samt verða nægur tími til undirbúnings. Aptur á móti ræði konungsfulltrúi frá því, að þær breytingar, sem nefndar eru í 6. (við 13. gr.), 9. (við 17. gr.), 15. (við 23. gr.) og 16. atriði (við 24. gr.), yrði teknar til greina; um breyt-

1872.

20. apríl.

ingu þá, sem nefnd er í 12. atr. (við 22. gr.) stakk hann uppá, hvort ekki ætti að orða greinina á þá leið, að niðurjöfnunin einnig næði í öllu falli til þeirra, sem án þess, að vera búfastir í bænum hefði þar einhverja atvinnu, en þetta mundi vera tilætlun þingsins. Að því leyti er snerti breytingu þá, sem nefnd væri í 17. atr. (við 25. gr.), gat konungsfulltrúi þess, að eptir því hvernig til hagaði þar á staðnum, og svo með tilliti til þess tíma árs, er sigling væri vön að byrja aptur, mundi það ekki fá mikla þýðingu, að taka breytinguna til greina. Um breytingu þá, sem nefnd er í 18. atr. (við 27. gr.) gjörði konungsfulltrúi enga athugasemd.

Samkvæmt því, sem getið er, gat stjórnarráðið ekki haft neitt ámóti breytingum þeim, sem nefndar eru í 5. (við 8. gr.) (niðurlag greinarinnar var þó haft nokkuð öðruvísi), 10. (við 18. gr.), 14. (við 23. gr.), 19. (við 29. gr.) og 20. atr. (við 29. gr.), og gat því heldur ekki fundizt ísjárvert, að fallast á breytingarnar, sem nefndar eru í 1. (við 3. gr.), 2. (við 5. gr.), 3. (við 5. gr.), 11. (við 20. gr.) og 21. atr. (við 32. gr.). Dómsmálastjórninni leizt og, að eigi yrði neitt verulegt fundið að þeirri breytingu, sem nefnd er í 4. atr. (við 8. gr.), ef málsgreinin yrði orðuð á þessa leið: „þegar þeir hafa greiðt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða $\frac{1}{2}$ stundu, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi enn komnir, með þessu móti fái tækifæri til að neyta kosningarrættar síns“. Á hinn bóginn varð stjórnarráðið að vera konungsfulltrúa samdóma í því, að eigi væri ástæða til að taka til greina breytingar þær, sem nefndar eru í 6. (við 13. gr.), 9. (við 17. gr.), 15. (við 23. gr.) og 16. atr. (við 24. gr.); um hina síðast nefndu varð stjórnarráðið að álíta, að hún væri byggð á misskilningi á stöðu Danmerkur og Íslands innbyrðis. Stjórnarráðinu fannst, að þær breytingar, sem nefndar eru í 7. (við 14. gr.) og 8. atr. (við 15. gr.), væri miður heppilegar, því það mætti einmitt álíta það hagfellt, að annar af þeim, sem kosnir væri í skólanefndina og hafnarnefndina, væri tekinn af þeim bæjarbúum, sem eigi sæti í nefndinni, og hefði svo verið hingað til. Stjórnarráðið varð sömuleiðis að mæla ámóti breytingunni, sem nefnd er í 17. atr. (við 25. gr.), því eigi væri nein ástæða til, að mæla öðruvísi fyrir um þetta, en fyrir skipað

1872.

20. apríl.

væri í konungsríkinu. Á uppástungu alþingis, sem nefnd er í 18. atr. (við 27. gr.), gat stjórnarráðið eigi fallizt, af því hún væri miður heppileg orðabreyting. Að því leyti, er snerti breytingarnar í 12. atr. og 13. atr. (við 22. gr.), gat stjórnarráðið ekki fundið næga ástæðu til að taka þær til greina, er það, sem þar væri ákveðið, væri samhljóða lögum í Danmörku, samanbr. lög um sveitastjórn (í Danmörku) 6. júlí 1867, 21. gr., og lög um stjórn bæjarmálefna 26. maí 1868, 26. gr.

Jafnframt og stjórnarráðinu virtist réttast, að ákveðið yrði, að það vald, sem með frumvarpinu væri veitt landshöfðingja, yrði falið á hendur stiptamtmaninum yfir Íslandi, þangað til landshöfðingi væri settur, lagði það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem sagt er frá.

3. maí.

47. Auglýsing um póstmál á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku).

1. grein.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir umsjón yfir öllum póstafrgreiðslumönnum og bréfhirðingarmönnum undir yfirstjórn landshöfðingja (en fyrst um sinn hefir stiptamtmaður þetta vald á hendi, samanbr. tilsk. 26. febr. þ. á. um póstmál á Íslandi, 18. gr.).

Í sameining með hlutaðeiganda amtmanni ber hann upp fyrir landshöfðingja uppástungur um, hverja skipa skuli póstafrgreiðslumenn, og skal hann sjá um, að sýslunum þessum sè veitt forstaða um stundar sakir, er þær losna. Ef tæðir embættismenn geta ekki komið sèr saman um, hvern setja skuli um stund, þegar póstafrgreiðslu-þjónusta er laus, skal amtmáður ráða fyrst um sinn.

Eptir uppástungu hlutaðeiganda póstafrgreiðslumanns ræður hann bréfhirðingarmenn með samningum, og þannig að segja megi þeim upp með $1\frac{1}{2}$ árs fresti.

Ef þess þykir þurfa, og önnur störf hans leyfa, skal hann ferðast um landið, til þess að sjá um, að pósthjónustunnar sè gætt til hlítar, og til þess að kynna sèr, hvernig hagar til á